

Miðvikudaginn 11. desember 1963.

Nr. 2/1963. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna
Útgerðarstöðvar Guðmundar Jónssonar
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.

Kjarasamningar. Skorið úr um það, eftir hvaða kjarasamningi reikningsskil við stýrimenn og vélstjóra skuli miðuð.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. maí þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Útgerðarstöðvar Guðmundar Jónssonar, Sandgerði. Dómkröfuf stefnanda eru þessar:

- I. Að stefnda verði dæmt skylt, að afhenda stefnanda innan viku frá birtingu dóms þessa og að viðlögðum kr. 1000.00 dagsektum til stefnanda, reikningsskil í samræmi við 21. gr. kjarasamnings milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, dags. 14. febr. 1961, til eftirtalinna starfsmanna sinna,
 1. Jens Sigurðssonar, stýrimanns á m/b Mumma GK. 120, á tímabilinu frá 23. júlí til 30. sept. 1962.
 2. Sigurðar Þórðarsonar, 1. vélstjóra á sama skipi, frá 20. júní til 31. des. 1962.
 3. Hafsteins Guðnasonar, stýrimanns á m/b Freyju GK. 110, frá 25. júní til 30. sept. 1962.
 4. Gunnars Kristjánssonar, vélstjóra á sama bát, frá 25. júní til 31. des. 1962.
 5. Péturs Björnssonar, 1. vélstjóra á m/b Viði II GK. 275, frá 24. júní til 31. des. 1962.

6. Kristjáns Hermannssonar, vélstjóra á m/b Jóni Garðari GK. 510, frá 24. júní til 18. sept. 1962.
 7. Lárusar Finnbogasonar, 2. vélstjóra á m/b Jóni Garðari GK. 510, frá 24. júní til 18. sept. 1962.
- II. Að dæmt verði að reikningskil við framangreinda menn skuli fara eftir kjarasamningi málsaðilja frá 14. febr. 1961 og byggjast á skiptagrundvelli kjarasamnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Sjómannasamtakanna innan ASÍ frá 13. júní 1958 með breytingum frá 15. maí 1959.
- III. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

I.

Málavextir að því er I. kröfulið stefnanda varðar eru þeir, að hinn 14. febr. 1961 var undirritaður samningur milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Færmanna- og fiskimannasambands Íslands um kaup og kjör yfirmanna á fiskibátaflotanum. Í 21. gr. samningsins segir svo:

„Að loknu hverju veiðitímabili skal útgerðarmanni skylt að láta samningsaðiljum í té uppgjör innan 14 daga: sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun, með tilgreindu verði hvernar tegundar og þyngd svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Reikningsuppgjör og launagreiðslur skulu fara fram við vertíðarlök og fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum ...“

Stefnandi byggði þenna kröfulið á því, að stefndi hefði eigi fullnægt framangreindum fyrirmælum 21. gr. nefnds kjarasamnings með þeim skilagreinum, sem hann hafi látið framangreindum vélstjórum og stýrimönnum í té og eigi orðið við kröfu stefnanda um það, en þessa hafi hann krafizt í bréfi, dags. 21. marz 1963, til útgerðarstöðv-

ar Guðmundar Jónssonar, sem aldrei hafi verið svarað af hálfu þess fyrirtækis.

Í greinargerð sinni í máli þessu hélt stefndi því fram, að sú venja hefði skapast við uppgjör á bátum Guðmundar Jónssonar, að trúnaðarmaður skipshafnar, venjulega skipstjóri eða stýrimaður, hefði farið vandlega yfir reikningana. Jafnframt hefði uppgjórið legið frammi, er skil hefðu verið gerð við hvern einstakan skipverja, og þeir þá kynnt sér það að vild sinni. Kvað hann þetta fyrirkomulag ekki hafa sætt andmælum fyrr en nú, en kvaðst mundu gera ráðstafanir til þess að umrædd reikningsskil yrðu lögð fram, ef stefnandi, þrátt fyrir þetta, krefðist slíkra skilagreina.

Stefnandi hélt fast við þessa kröfu sína. Og er málið var tekið upp til málflyttings af nýju á dómþingi 2. þ. m. lagði stefndi fram reikningsskil við framangreinda menn í því formi, sem stefnandi lýsti yfir að væri fullnægjandi samkvæmt ákvæðum áðurnefndrar 21. gr. kjarasamnings frá 14. febr. 1961.

Hefur þessum kröfulið þannig nú verið fullnægt og kemur hann samkvæmt því eigi til álita hér fyrir dómi.

II.

Að því er II. kröfulið stefnanda varðar er tilefni máls þessa það, að samkvæmt 2. gr. framangreinds kjarasamnings frá 14. febr. 1961 eiga stýrimenn og vélstjórar að fá hlut, sem sé ákveðið margfeldi af hásetahlut. Deila aðiljar máls þessa um það, við hvaða skiptagrundvöll beri að miða að því er hásetakjörin varðar. Heldur stefnandi því fram og byggir kröfur sínar á þeim grundvelli, að leggja eigi sildveiðikjarasamning háseta frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959 til grundvallar við ákvörðun kaups stýrimanns og vélstjóra, þar sem þeir kjarasamningar séu enn í gildi að því er varðar Guðmund Jónsson og útgerðarstöð hans í Sandgerði.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að Guðmundur Jónsson, og þá eigi heldur útgerðarstöð hans í Sandgerði, hafi aldrei orðið aðili að þeim samningum og eigi því

skipti hans við háseta á sumarsildveiðum 1962, að miðast við ákvæði gerðardóms í sildveiðideilunni 1962, sem upp var kveðinn 25. júlí það ár, en við vetrarsildveiðarnar eigi hins vegar að fara eftir kjarasamningi frá 20. nóvember 1962, milli nokkurra útvegsmannafélaga annars vegar og nokkurra verkalýðs- og sjómannafélaga hins vegar.

Í dómi Félagsdóms uppkveðnum 29. f. m. í málinu nr. 6/1963, er dæmt, að Guðmundur Jónsson, stefndi í máli þessu, og þá einnig útgerðarstöð hans í Sandgerði, hafi gagnvart Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps verið bundinn sjómannasamningunum frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959 allt til 1. júní 1963. Hafi Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar í Sandgerði samkvæmt því borið að miða reikningsskil við félagsmenn nefnds verkalýðsfélags við framangreinda samninga bæði á sumarsildveiðum 1962 og haust- og vetrarsildveiðum 1962—1963.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi, er framkomið, að skráð var á m/b Mumma GK. 120 til sumarsildveiða 1962 í Miðneshreppi hinn 24. júní og afskráð 8. sept. sama ár, á sama stað. Hinn 26. nóv. 1962 er skráð á sama bát á sama stað til sildveiða og afskráð 16. jan. 1963. Bæði þessi tímabil voru á nefndu skipi, samkvæmt skipshafnarskrám, hásetar heimilisfastir í Sandgerði. Á sama hátt var skráð í Miðneshreppi á m/b Freyju GK. 110 hinn 25. júní 1962 til sumarsildveiða og afskráð 10. sept. s. á. Til haust- og vetrarsildveiða var skráð einnig í Miðneshreppi hinn 22. nóv. 1962 og afskráð 12. jan. 1963. Samkvæmt skipshafnarskrám voru á nefndu skipi bæði þessi veiðitímabil hásetar búsettir í Sandgerði. Að því er varðar m/b Víði II GK. 275, þá er fram komið, að á það skip var skráð í Miðneshreppi til sumarsildveiða hinn 24. júní 1962 og afskráð á sama stað 15. sept. s. á. Hinn 19. nóvember 1962 er aftur skráð á þetta sama skip í Gerðahreppi, heimilissveit eiganda þess Guðmundar Jónssonar, og afskráð 31. des. s. á. Bæði þessi veiðitímabil voru á m/b Víði hásetar búsettir í Sandgerði.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, er stefnanda máls þessa rétt að krefjast þess, að reikningsskil

Útgerðarstöðvar Guðmundar Jónssonar Sandgerði við þá Jens Sigurðsson stýrimann, Sigurð Þórðarson vélstjóra, Hafstein Guðnason stýrimann, Gunnar Kristjánsson vélstjóra og Pétur Björnsson vélstjóra fyrir framangreind lögskráningartímabil miðist við skiptagrundvöll oftnefndra kjarasamninga frá 1958 og 1959 með því margfeldi, sem kjarasamningur aðilja þessa máls frá 14. febr. 1961 kveður á um. Ber samkvæmt því að taka til greina dómkröfu stefnanda að því er nefnda menn varðar.

Samkvæmt málflytningi aðilja voru þeir Kristján Hermannsson og Lárus Finnbogason vélstjórar á m/b Jóni Garðari GK. 510 á sumarsildveiðum 1962. Um þetta skip er það fram komið, að á það var skráð til sildveiða 24. júní 1962. Fór sú lögskráning fram í Reykjavík og er svo mælt um kjör: „Væntanlegir samningar“. Afskráning fór fram á sama stað 18. sept. 1962. Eftir því sem skráð er í skipshafnarskrá var stýrimaður skipsins búsettur í Hafnarfirði, I. vélstjóri í Ólafsfirði og II. vélstjóri í Reykjavík. Af 7 hásetum virðast hins vegar 5 hafa átt heimili í Reykjavík, 1 í Hafnarfirði og 1 í Staðarsveit. Þá er og fram komið í málinu að Útvegsmannafélag Reykjavíkur hafi á sínum tíma sagt upp kjarasamningunum frá 1958 og 1959 og liggur eigi neitt fyrir um það, að lögmæti þeirrar uppsagnar hafi verið véfengt.

Í máli þessu hafa eigi verið leiddar sönnur að því, að þau tengsl hafi verið milli Kristjáns Hermannssonar og Lárusar Finnbogasonar annars vegar og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps hins vegar, eða að ráðning þeirra á m/b Jón Garðar GK. 510 framangreint tímabil hafi verið með þeim hætti, að stefnandi geti krafizt nefndum félagsmönnum sínum til handa kjara, sem byggð eru á samningsskyldum Guðmundar Jónssonar við Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps. Og þar sem eigi hefur af hálfu stefnanda verið sýnt fram á það, að kjör nefndra manna verði á tímabili því, er hér ræðir um, með öðrum hætti heimfærð undir ákvæði sildveiðisamninganna frá 1958 og 1959, ber að sýkna stefnda af dóm-

kröfu stefnanda í þessum kröfulið, að því er varðar þá Kristján Hermannsson og Lárus Finnbogason.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

1. Stefndi á að vera sýkn af kröfu stefnanda, að því er varðar grundvöll skipta vegna Kristjáns Hermannssonar og Lárusar Finnbogasonar.

2. Reikningsskil stefnda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna Útgerðarstöðvar Guðmundar Jónssonar, Sandgerði, við Jens Sigurðsson, Sigurð Þórðarson, Hafstein Guðnason, Gunnar Kristjánsson og Pétur Björnsson á framangreindum síldveiðitímabilum skulu fara eftir kjarasamningi málsaðilja, dags. 14. febr. 1961, og byggjast á skiptagrundvelli áður greindra kjarasamninga frá 13. júní 1958 og 15. maí 1959.

Stefndi greiði stefnanda, Farmanna- og fiskimanna-sambandi Íslands, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
